




Rb/SfB	56	(10)	
Rb. 56.001			1

0 ALMENNT

- 0.1 Í þessu blaði er fjallað um stærðir knattspyrnuvalla og útbúnað.

1 LEIKVÖLLURINN

Leikvöllurinn og það sem honum tilheyrir skal vera eins og eftirfarandi uppdráttur sýnir:



2 ÁKVÆÐI

2.1 Stærð

Leikvöllurinn skal vera rétthyrndur. Lengd hans má mest vera 120 m en minnst 90 m. Breidd hans má mest vera 90 m en minnst 45 m (í milliríkjaleikjum má lengdin mest vera 110 m en minnst 100 m og breiddin mest 75 m en minnst 64 m). Lengdin skal alltaf vera meiri en breiddin.

2.2

Merking

Leikvöllurinn skal merktur skýrum línum, ekki breiðari en 12 sm, aldrei með V-laga rásum í yfirborð vallar. Lengri útlínur nefnast hliðarlínur, en þær styttri marklínur í hvert horn skal settur fáni á stöng. Hún má ekki vera oddmjó að ofan og ekki lægri en 1.50 m. Sams konar fána á stöng má setja fyrir enda miðlínu, sitt hvorum megin vallar, þó ekki nær en 1 m frá hliðarlínu. Miðlina skal merkt yfir leikvöllinn þveran og skal miðja leikvöllarins merkt með greinilegu merki, svo og hringur um það með 9.15 m geisla.

2

2.3 Markteigur

Á hvorn enda leikvallar skal merkja tvær línur hornrétt á marklínus, 5.50 m frá hvorri marksúlu og skulu þær ná 5.50 m inn á leikvöllinn og tengast saman með línu, sem merkt skal samsíða marklínus. Hvort svæðið um sig, innan þessara lína og marklínus, nefnist markteigur.

2.4 Vítateigur

Á hvorn enda leikvallar skal merkja tvær línur hornrétt á marklínus, 16.50 m frá hvorri marksúlu og skulu þær ná 16.50 m inn á leikvöllinn og endar þeirra tengast saman með línu samsíða marklínus. Hvort svæðið um sig, innan þessara lína og marklínus, nefnist vítateigur.

Setja skal greinilegt merki innan hvors vítateigs í 11 m fjarlægð, hornrétt frá miðri marklínus. Það skal vera vítaspyrnumerki.

Geiri, með 9.15 m geisla frá hvoru vítaspyrnumerki, skal merktur utan vítateigs.

2.5 Horngreiðir

Frá hverri hornfánastöng skal merkja, innan leikvallar, fjórðung úr hring með eins metra geisla.

2.6 Mörkin

Mörkin skulu sett á miðju hvorras marklínus, en þau skulu gerð af tveimur marksúlum, sem standa hvorum sig jafn langt frá hornfánastöng og á milli þeirra skulu vera 7.32 m. Þær skulu tengdar saman með láréttum markási, en neðri brún hans skal vera 2.44 m frá jörð. Þykkt og

breidd marksúlna og markása má ekki vera meiri en 12 sm. Marksúlur og markásar skulu vera sömu breiddar.

Festa má net við marksúlur, markása og jörð aftan við mörkin. Þau skulu fest upp á þann hátt og þannig frá þeim gengið að markvörður hafi nægilegt svigrúm.

Til athugunar - Marknet

Leyfilegt er að nota net gerð úr hampi, júta eða næloni. Nælonþræðirnir mega þó ekki vera grennri en þeir sem gerðir eru úr hampi eða júta.

Marklínan skal merkt jafnbreið og þykk marksúlna og markáss, þannig að ytri- og innri brúnir súlna og línu standist á.

Metramir 5.50 (sem afmarka markteig) og 16.50 (sem afmarka vítateig) sem mæla á út eftir marklínus, skulu mældir frá innri brúnum marksúlna.

Breidd þeirra lína, sem afmarka merkt svæði innan leikvallarins, er innifalin í stærð hinna merktu svæða.

Blað þetta er unnið á **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**

HEIMILDIR:

Knattspyrnulög K.S.Í.

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL